

Þessi almennu ruglorð 217 en vegna flóknari málfræði og fleiri orðmynda verða þau þó nokkuð fleiri í íslensku. Sérhvert orð eða hugtak, sem veldur ruglingi, er hægt að meistra með leirmótuninni. Það getur verið stórkostlegt að sjá hve skapandi jafnvel yngstu börn geta verið þegar kemur að því að túlka merkingu óhlutbundinna hugtaka. Lesblindir hafa almennt mjög gaman af því að móta hugmyndir í leir þannig að námskeiðið verður gefandi og skemmtilegt fyrir báða aðila. Með því að móta útlit orðsins í leir ásamt merkingunni nær viðkomandi einnig fullu valdi á stafsetningunni.

Að meistra námsefni

Þessari meistrunaraðferð - að tileinka sér með leirmótun - er hægt að beita á hvaða námsefni sem er. Þegar viðkomandi hefur náð fullum tókum á meistruninni beitir hann henni við allt nám, einfaldlega vegna þess að þessi aðferð er sú fljótverkasta og áhrifamesta sem honum stendur til boða. Stærðfræði verður til dæmis einfaldari þegar hún er túlkuð í því viðum leirmyndum. Með því móti er hægt að sjá magn og fjölda í raunveruleikanum ásamt því samhengi sem lýst er í stærðfræðidæminu. Sömu leiðis er hægt að meistra merkingu stærðfræðitákna með leirmótuninni.

Heimavinnan

Mikilvægt er að viðkomandi stjórni námi sínu. Leiðbein-

andi þarf að gefa þeim lausan tauminn með það fyrir augum að námsmenn taki ábyrgð á námi sínu. Í lok námskeiðsins fá námsmenn öll gögn sem þarf til að vinna heimavinnu. Þörf fyrir stuðning fer minnkandi eftir því sem þessir nýju hæfileikar eru meira notaðir. Gerður er samningur við hvern og einn um hvernig ætlunin er að fylgja námskeiðinu eftir.

Þjálfun stuðningsmanns

Þjálfun stuðningsmanns er mikilvægur þáttur námskeiðsins. Stuðningsmaður getur verið fjölskyldumeðlimur, stuðningskennari eða vinur sem fær kennslu í grundvallaratriðum meistrunarinnar og fær grundvallarleiðbeiningar um hvernig hann getur best stutt viðkomandi í heimavinnunni.

Hreyfipjálfun

Líkams- og jafnvægisæfingar eru notaðar til að leysa samþæfingarvandamál eins og verkstol (dyspraxíu), eða vinstri-hægri rugling af völdum skynvillu. Með þessu móti er jafnvægissskyn eftt og hæfileikinn til að velja á milli athyglisbeitingar og skynvillu eftir

Hólmfríður E. Guðmundsdóttir, Ron Davis leiðbeinandi, áður verkefnastjóri hjá Mími-símenntun.

Ásmundur Hilmarsson, sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

STARFSTENG T V E R S L U N A R F A G N Á M

Eitt af stærstu verkefnum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) á fyrsta starfsári hennar var undirbúningur tilraunaverkefnis í skipulagðri fræðslu fyrir almennt starfsfólk í verslunum. Aðdragandinn var sá að FA fékk erindi frá Samtökum verslunar og þjónustu (SVP) og forsvarsmönnum fræðslumála í stærstu verslana-

fyrirtækjum landsins þar sem þess var óskað að FA beitti sér fyrir því að hafinn yrði undirbúningur að skipulagðri fræðslu fyrir þennan hóp í atvinnulífinu. FA tók jákvætt í erindið og tók að sér umsjón verkefnisins, vinnu að greiningu fræðsluþarfa og námsskráargerð.



Guðmunda Kristinsdóttir

Verkefnið er nú vel á veg komið og mun fyrsti hópurinn, þátttakendur í tilraunaverkefninu, hefja eins og hálfis árs nám við Verzlunarskóla Íslands í janúar 2005. Námið er blandað starfsnám, þ.e. fer fram jafnhliða í skóla og á vinnustað og er alls 676 klukkustundir að lengd. Að tilraunánáminu loknu mun FA meta árangurinn, endurskoða og endurbæta og gefa námsskrá út að nýju.

Verslunarfagnámið er hannað sérstaklega fyrir starfandi verslunarfólk og er ætlað að auka verslunarfærni og efla almenna og persónulega færni starfsfólks til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni í nútímaverslun. Útskrifaðir starfsmenn eiga að hafa faglegar forsendur til að taka að sér aukna ábyrgð og verkefnisstjórnun á ýmsum sviðum verslunar.

Forsendur

Við smásöluverslun á Íslandi starfa um 12.000 manns og líklegt má telja að stór hluti þess hóps tilheyri markhópi FA. Fram að þessu hafa fræðslumál verslunarfólks að mestu verið leyst með námskeiðum innan hvers fyrirtækis og mun þetta verða í fyrsta sinn sem boðið verður upp á heilsteipt starfstengt fagnám fyrir verslunarfólk, eins og segir í frétt á vef SVP. Á sama vef segir einnig:

Hér er tvímælalaust um að ræða stærsta áttak sem gert hefur verið í fagmenntun verslunarfólks. Á undanförunum árum hafa verslanir sjálfar þurft að leysa úr menntunarbörf stéttarinnar með því að stofna eigin skóla eða fræðslusetur innan fyrirtækjanna. Frumkvæðið að námsbraut fyrir verslunarfólk áttu SVP og fræðslustjórar innan verslanafyrirtækjanna en verkefnið hefur verið undirbúið í samstarfi við VR. Verkefnisstjórnun hefur fram að þessu verið í höndum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem hefur séð um viðamikla þarfagreiningu, námskrárgerð og faglega ráðgjöf. (www.svth.is - fréttapóstur 11. tbl. 29. júní 2004).

Frá upphafi verkefnisins var ljóst að allir hagsmunaaðilar voru mjög áhugasamir og ákveðnir í að standa vel að verki. Lagt var af stað með það að leiðarljósi að niðurstaðan yrði metnaðarfullt námstilboð þar sem þarfir starfsgreinarinnar og einstaklinganna yrðu útgangspunkturinn. Hér var því kjörið tækifæri til að breyta um aðferðir og nálgun og þróa leiðir sem henta fullorðnum námsmönnum í atvinnulífinu. Markmiðið með þessu nýja námsframboði skyldi verða:

- Að almennt starfsfólk í verslunum eigi þess kost að afla sér menntunar sem styrkir það í starfi.
- Að auka metnað og virðingu hjá verslunarfólki fyrir þeim störfum sem það gegnir.
- Að fyrirtækin geti boðið upp á góða þjónustu með sérhæfðu starfsfólki.

Þátttaka í verslunarfagnáminu er endurmenntun þar sem hluti vinnutímans er notaður til að læra og efla faglega sýn. Í námsskrá og í umfjöllun FA um námið er því ávallt talað um starfsmann þegar átt er við þátttakanda í náminu.

Þarfagreining


Vinna við greiningu fræðsluþarfa var ítarleg og umfangsmikil. M.a. var stuðst við nýlegar úttektir IMG Gallup sem unnar voru fyrir starfsgreinaráð og starfsmenntasjóði greinarinnar¹ auk þess sem leitað var til vinnuveitenda, starfsfólks, fræðslustjóra og annarra sérfræðinga á sviði verslunar. Farið var í námsheimsókn til Danmerkur og Finnlands og upplýsingar sóttar til fjölda annarra landa með hjálp Internetsins. Þá var tekið mið af spám um þróun starfa og hvaða hæfniskröfur verða almennt gerðar til starfsfólks framtíðarinnar. Einnig var farið yfir það sem gert hefur verið í menntunarmálum verslunarfólks fram að þessu. Niðurstaða þarfagreiningarinnar var tvíþætt, annars vegar efnisleg um innihald námsins og hins vegar um skipulag og framkvæmd. Vinna við þarfa-

¹ Viðhorfsrannsókn, Þörf fyrir menntun, Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks, apríl 2003, IMG Gallup.

Rýnihópar, Þörf fyrir menntun, Starfsmenntasjóður verslunarinnar, maí 2003, IMG Gallup.

Rýnihópar og djúpvíðtöl, Þörf fyrir menntun, Starfsgreinaráð fjármála-, skrifstofu- og verslunargreina, júní 2003, IMG Gallup.

Rýnihópur, Staða menntunar, Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks, nóvember 2003, IMG Gallup.



greininguna var styrkt af starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks. Nánar má lesa um aðferðir og niðurstöður í skýrslu FA um fyrsta áfanga verkefnisins (Guðmunda Kristinsdóttir og Sigrún Jóhannesdóttir, 2004a).

Innihald námsins

Efnisleg þarfagreining leiddi í ljós hvaða færni og kunnáttu starfsmaður í verslun þarf að hafa og var efnisatriðum skipt í fjögur færnisvið; verslunarfærni, persónulega færni, almenna færni og sérstaka færni. Hvert færnisvið skiptist síðan í 5-6 færniþætti (Mynd 1).

Í samræmi við flokkun þarfa voru sett heildarmarkmið og vegvísar um kennsluáferðir og framkvæmd. Það var meðvituð stefna að nota ekki hefðbundin heiti á námsgreinum heldur skilgreina ákveðin námssvið með

gátlistum vegna vinnustaðanámsins (Guðmunda Kristinsdóttir og Sigrún Jóhannesdóttir, 2004b).

Skipulag námsins

Úrvinnsla úr skipulagslegri þarfagreiningu leiddi til þeirrar niðurstöðu að námið er 676 klukkustundir samtals og fer fram á vinnutíma starfsfólks, að jöfnu á vinnustað (338 klst.) og í skóla (338 klst.). Náminu er skipt í 3 lotur, hver um sig u.þ.b. 13 vikur. Starfsmaður stundar nám í skóla 8 klukkustundir á viku og notar 8 klukkustundir vikulega í skipulagt vinnustaðanám undir leiðsögn starfsþjálfara auk þess tíma sem hann sinnir sínum hefðbundnu störfum. Vinnustaðanámið getur farið fram á hvaða tíma vikunnar sem er.

Verslunarfagmaðurinn!


Hér er fyrirmyndarverslunarfagmaður að námi loknu!

Hann hefur persónulega færni sem er vinstri handleggur hans, hann hefur verslunarfærni sem er hægri handleggurinn og hann stendur styrkum fótum á hagnýtri almennri undirstöðufærni. Kórónan ofan á allt er sú sérstaka færni sem hann hefur valið að sérhæfa sig í.

Í hægri hendi getur hann svo veifað faglega loka-verkefninu sem sýnir getu hans og fagmennsku.

Verslunarfagmaðurinn hefur einnig tileinkað sér símenntunarviðhorf og sjálfstraust til að halda áfram að bæta stöðugt við þekkingu sína og færni til gagns og ánægju.

Hann er verðmætur starfsmaður með faglega þekkingu og jákvæð viðhorf til starfsins og hefur metnað fyrir sína hönd og þeirrar verslunar sem hann starfar fyrir.



Mynd 1

leiðsagnarorðum til að festast ekki í gömlum viðhorfum til verslunarnáms. Þarfirnar réðu orðun markmiða og voru samþættar þar sem það átti við. Námsmarkmið og útfærsla eru útlustuð í námsskrá verslunarfagnáms og

Þegar kom að niðurröðun námsþátta og skipulagningu á ferli námsins stóð verkefnið á nokkrum tímamótum. Taka þurfti tillit til margra þátta og voru sumir þeirra ósamrýmanlegir. Tvö sjónarmið vógu þyngst:

Annars vegar var það viðhorf að í fullorðinsfræðslu sé gott að taka aðeins fyrir einn námsþátt í senn, þ.e. að námsþættir séu hliðskipaðir. Er það hagkvæmt fyrirkomulag bæði fyrir framkvæmdaaðila og fyrir námsmanninn sem getur þá tekið námið á eigin hraða og komið inn í þá námsþætti sem honum hentar.

Hins vegar var það sjónarmið að tryggja eins og hægt væri að yfirfærsla náms yfir í starf ætti sér stað. Það er þekkt vandamál að þekking og færni, sem aflað er í skóla- umhverfi, skilar sér ekki alltaf sem skyldi inn á vinnustaði. Fyrir því geta verið margar ástæður og eru sumar þeirra tengdar skipulagningu og hönnun náms.

Reynsla annarra þjóða af verslunarfræðslu, s.s. Dana, hefur sýnt að til að styrkja slíka yfirfærslu er nauðsynlegt að samþætta námsþætti sem mest og að skólanám og vinnustaðanáms myndi samhengi og heild (Aarkrog, 1997

þjálfra jafnóðum það sem þeir læra í skólanum og þeir geta tengt fræðilegt nám við hagnýta reynslu sem þeir hafa aflað sér á vinnustað. Þessi ákvörðun leiðir af sér að skipulag er óhefðbundið og jafnvel flóknara en gengur og gerist og gerir því miklar kröfur til allra sem koma að framkvæmdinni.

Námslotur

Skipting námsefnis á tímabil ræðst af viðfangsefnum og starfsumhverfi verslunarfélks og eru þrjár undirstöðuþættir lagðir til grundvallar, þ.e. starfsmaðurinn, viðskiptavinurinn og vörurnar. Náminu er skipt í þrjár lotur sem hver um sig hefur ákveðið grunnþema og mótast nálgun í náminu af því. (Mynd 2).

Í fyrstu lotu er þemað starfsmaðurinn og fyrirtækið.



Mynd 2. Verslunarfræðinámið skiptist í þrjár lotur sem hver hefur sína áherslu.

og Magnussen, 1997). Þetta á við um starfsnám og starfstengda þjálfun yfirleitt. Við raunverulegar aðstæður í atvinnulífinu er starfsfólk að fást við ýmis verkefni sem hvert um sig krefst margs konar þekkingar og færni, því þurfa aðstæður í námi að vera sambærilegar. Það er hægt að nálgast með raunverulegum starfstengdum verkefnum og samþættingu en þá geta námsþættir síður verið hliðskipaðir.

Niðurstaðan var sú að í tilraunaverkefninu yrði farin sú leið að samþætta námsþætti sem mest og leggja áherslu á samspil skóla- og vinnustaðanáms. Með því að tvíanna saman skóla og vinnu hafa starfsmenn möguleika á að

Áherslan er á uppbyggingu starfsmannsins, hlutverk hans í fyrirtækinu og hlutverk fyrirtækisins í samfélaginu.

Í annarri lotu er þemað viðskiptavinurinn og þjónustuhlutverk starfsmannsins. Þar er lögð áhersla á ýmsa þætti varðandi þjónustu, sölu og verklag í verslun.

Þriðja lotan hefur þemað vörurnar og þá er farið yfir allt sem við kemur innkaupum, sölu, framsetningu vörunnar og vörupækkingu ásamt þeirri sérhæfingu sem starfsmaðurinn hefur valið sér.

Hver lota inniheldur námsþætti af öllum færnisviðunum fjórum en ávallt út frá þeirri áherslu sem þema lotunnar

býður (Mynd 3). Til að stuðla að samþættingu í náminu eru í viku hverri þverfaglegir tímar í skólanámi auk þess sem kennarar eru hvattir til samvinnu eins og kostur er. Náminu lýkur með faglegu lokaverkefni sem er samvinnuverkefni starfsmannsins, vinnuveitandans og skólans.



Mynd 3

Í hverri námslotu eru námsþættir úr öllum fjórum færnisviðunum en áherslan er út frá þema lotunnar.

Vinnustaðanám

Faglegar áherslur eru þær sömu hverju sinni í vinnustaðanámi og í skólanámi. Vinnustaðanámið fer þannig fram að starfsmaður hefur aðgang að starfsþjálfva á vinnustað sem leiðbeinir honum og aðstoðar við framkvæmd og eftirfylgni þess hluta námsins. Sér til stuðnings og leiðbeiningar hefur starfsþjálfinn gátlista þar sem fram koma þeir verkþættir sem starfsmaður þarf að þjálfva og sýna færni í. Skóla- og vinnustaðanám er samræmt þannig að starfsmaður þjálfar jafnóðum í vinnunni þá þætti sem eru til umfjöllunar í skólanáminu. Í þverfaglegum tímum í skóla er einnig hugað að samþættingu skóla- og vinnustaðanáms með þeim hætti að starfsmenn gera grein fyrir ýmsum þáttum úr vinnustaðanáminu, bera saman reynslu sína og skiptast á þekkingu. Þannig fæst tenging allan hringinn: vinnustaður - skóli - vinnustaður - skóli!

Aðferðir og námsmat

Kennsluaðferðir og leiðir miðast við að skapa sem raunverulegast starfsumhverfi og koma til móts við þarfir fullorðinna nemenda. Starfsmenn fá tækifæri til að ráða nokkru um eigin námsframvindu og setja sér eigin markmið

í samráði við kennara. Í því skyni útbúa þeir námssamning með eigin áherslum og velja sér sérsvið. Samvinna og hópvinna er ríkulegur þáttur í kennsluaðferðum.

Aðferðir við námsmat eru í samræmi við kennsluaðferðir og markmið námsins. Námsmat fer fram jafnóðum og byggist á að meta færni við að nýta nýja þekkingu og færni í starfi. Notuð verða fjölbreytt tæki til námsmats og einnig er seinasta vika í fyrstu og annarri lotu uppskeruhátíðir sem eru hluti námsmats. Í lok þriðju lotu er faglegt lokaverkefni sem er tækifæri starfsmannsins að sýna færni sína og fagmennsku við raunverulegt og hagnýtt viðfangsefni. Hlutur starfsþjálfva í námsmati er einnig mikilvægur því að þeir fylgjast með og meta getu starfsmannsins til að nýta færni í starfi.

Undirbúningur og gæðakröfur

Samkvæmt almennum samningsskilmálum FA, sem stýra aðkomu FA að verkefnum sem þessu, skal framkvæmdaðili framfylgja formlegu gæðakerfi og gæðamati FA og uppfylla skilgreindar kennslufræðilegar kröfur sem FA þróar og/eða viðurkennir. Þeim sem taka að sér að kenna eftir námsskrám útgefnum af FA ber að framfylgja þessu. Til að styðja framkvæmdaaðila við að uppfylla gæðakröfur stendur FA fyrir námskeiðum fyrir kennara og starfsþjálfva auk þess sem ráðgjöf, eftirlit og gæðamat verður hlutverk FA meðan á tilraunaverkefninu stendur.

Nú þegar hafa kennarar í Verzlunarskóla Íslands og aðrir leiðbeinendur, sem koma að kennslu fyrsta hópsins, setið kennslufræðinámskeið á vegum FA. Var þar lögð áhersla á þarfir markhópsins, kennsluaðferðir og matsaðferðir. Fyrir marga í þessum hópi er kennsla fullorðinna og kennsla fyrir aðila í atvinnulífínu nýtt, ögrandi og spennandi viðfangsefni. Kennarar voru hvattir til að hugsa þvert á hefðbundin sérsvið sín, nota öll tækifæri til að tengja námsþætti saman og nota raunhæf verkefni úr starfsumhverfi starfsmannanna. Sameiginlegt verkefni kennarahópsins er að styðja starfsmanninn í að verða vel undirbúinn fyrir störf sín í versluninni, verða Verslunarfagmaður!

Einnig verður boðið upp á námskeið fyrir þá sem taka að sér starfsþjálfahlutverkið á vinnustöðunum. Þeim verður kynnt aðferðafræðin og veittur stuðningur í þessu nýja hlutverki. Starfsþjálfari hefur gátlista til viðmiðunar um það sem starfsmaður mun þjálfa. Hlutverk starfsþjálfans er á jafningjagrundvelli þar sem báðir aðilar eiga að njóta sín og líta á samstarfið sem tækifæri til að auka þekkingu og reynslu.

Verzlunarskólinn hefur ráðið verkefnisstjóra til að stýra framkvæmd tilraunanámsins og fékk skólinn styrk frá starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks vegna þess. Hlutverk verkefnisstjórans verður að leiða kennarahópinn í þessu nýja og metnaðarfulla verkefni, hann verður nemendum til stuðnings og verður í samskiptum við starfsþjálfana og vinnustaðina. Fjármögnun námsins er að öðru leyti sú að vinnuveitendur þeirra starfsmanna, sem valdir verða í tilraunahópinn, styrkja tilraunaverkefnið.

Fyrir hverja

Þátttakendur í tilraunaverkefninu eru starfsmenn þeirra fyrirtækja sem komið hafa að undirbúningi námsins. Fyrirtækin nota ýmsar leiðir til að velja þátttakendur en í öllum tilfellum má gera ráð fyrir að horft sé til þeirra sem hafa verið traustir starfsmenn og vinnuveitandinn vill efla og styrkja. Til lengri tíma litið stendur námið til boða fyrir starfandi verslunarfólk í samráði við vinnuveitendur þess. Til að geta stundað verslunarfagnámið er nauðsynlegt að vera starfandi í verslun allt námstímabilið og að hafa fyrir nokkra reynslu af verslunarstörfum. Grundvallarviðhorf í náminu eru þau að námið sé samstarfsverkefni starfsmanns, vinnuveitanda og skóla sem unnið er bæði á vinnustað og í skóla. Þetta samstarfsverkefni er staðfest með skriflegum samningi milli starfsmanns og vinnuveitanda um sveigjanleika og aðstoð á vinnustað vegna námsins og með skriflegum námssamningi milli starfsmanns og skóla um markmið, leiðir og ástundun. Tenging við starf og vinnustað viðkomandi starfsmanns er stýrandi þáttur í náminu.


Námið verður metið til eininga sem jafngilt hluta af framhaldsskólanámi. Möguleiki verður að meta fyrra nám eða sérhæfða þekkingu á sviði verslunarstarfa inn í verslunarfagnámið.

Að tilraunaverkefni loknu

Fyrsti hópur verslunarfagnámsins, þátttakendur í tilraunaverkefninu, munu ljúka námi í maí 2006. Á þeim tímapunkti verður komin reynsla á fyrirkomulagið, innihaldið og aðferðirnar. Á námstímanum sjálfum verða allir hlutaðeigendur vakandi fyrir framgangi tilraunaverkefnisins og þegar þess þarf verður gripið inn í og breytt og bætt. Að námstímanum loknum verður reynslan dregin saman og námsskrá gefin út að nýju með þeim endurbótum sem reynslan færir okkur. Er þá öllum fræðsluaðilum sem vinna samkvæmt gæðakröfum FA heimilt að nýta sér námsskrána og bjóða upp á verslunarfagnám.

Enn er mörgum spurningum ósvarað varðandi þetta nýja námsframboð og framkvæmd þess í framtíðinni. Tilraunaverkefnið gefur eflaust svör við mörgum þeirra en önnur úrlausnarefni krefjast umræðu og ákvarðanatöku. Margir spyrja sig þeirrar spurningar hvar starfsfræðsla fyrir fullorðna einstaklinga, sem eru þátttakendur í atvinnulífnum, eigi best heima. Eru framhaldsskólarnir í stakk búnir til að sinna þessu verkefni eða eru aðrir aðilar jafnhæfir og jafnvel betri til þess? Hvernig verður námið fjármagnað til frambúðar og hvernig á að sinna landsbyggðinni svo vel fari? Þá brennur sú spurning vitanlega á okkur hjá FA hvernig okkur hefur tekist til, mun námið ná að uppfylla þarfir vinnuveitanda og starfsmanna og er þessi metnaðarfulla og að sumu leyti nýstárlega leið raunhæf og fjárhagslega möguleg?

*Guðmunda Kristinsdóttir,
sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.*



Heimildir

Aarkrog, Vibe. (1997). *Samspeilet mellem teori og praktik, de merkantile erhvervsuddannelser*. FoU Publikation Nr. 7 - 1997: Undervisningsministeriet Erhvervsskoleafdelingen.

Guðmunda Kristinsdóttir og Sigrún Jóhannesdóttir. (2004a). *Verslunarfagnám: Skýrsla um fyrsta áfanga verkefnis*: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Óútgefið efni.

Guðmunda Kristinsdóttir og Sigrún Jóhannesdóttir. (2004b). *Verslunarfagnám: Námskrá og gáttlistar tilraunaverkefnis*: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Óútgefið efni.

Magnussen, Lisbeth. (1997). *Fremtidens jobprofiler på det merkantile område*. FoU Publikation Nr. 8 - 1997: Undervisningsministeriet Erhvervsskoleafdelingen.

Samtök verslunar og þjónustu. Fréttapóstur. Sótt 27. september 2004 af: <http://www.svth.is/user/news/view/0/153>

Samstarfssamningur milli KVASIS, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Þann 12. nóvember sl. var undirritaður samstarfssamningur milli Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og símenntunarmiðstöðva innan Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, en þær eru: Farskólinn – miðstöð símenntunar Norðurlandi Vestra, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Fræþing - Fræðslumiðstöð Þingeyinga, Fræðslunet Austurlands, Fræðslunet Suðurlands, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Viska - fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja.

Meginmarkmiðið með samstafinu er að stuðla að því að fólk á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólk sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendur og aðrir sambærilegir hópar fái betri tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Þetta mikilvæga verkefni verður unnið í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir með það að markmiði að styrkja samkeppnishæfni samstarfsaðilanna. Aðrir samstarfsaðilar Fræðslumiðstöðvarinnar geta orðið þeir sem vinna að eða bjóða upp á fræðslu fyrir markhópin innan eða utan hefðbundinna menntastofnana. Til að árangur verði sem bestur munu aðilar samningsins byggja upp sameiginlegt gæðakerfi með það að markmiði að votta gæði fræðsluaðila utan hins hefðbundna skólakerfis og kennslu fullorðinna á þeirra vegum. Einnig mun verða safnað upplýsingum um þann árangur sem næst í þessu samstarfi.